

## Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 27. mars, kl. 09:00 var haldinn 1823. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn ALVA Hotels ehf., kt. 680323-1430, dags. 18. mars 2025, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (ALVA Hotel Brautarholt) að Brautarholti 22, F2012286 (rými 01 0001), F2012297 (rými 01 0301) og F2012290 (rými 01 0202). Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.
- Lögð fram umsókn Krónunnar ehf., kt. 711298-2239, dags. 3. mars 2025, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli, ávexti og grænmeti; marineringu, sögun og pökun á kjöti, unnum kjötvörum og kjötafurðum (Krónan Bíldshöfða) að Bíldshöfða 20, F2043242, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi. Starfsleyfið heimilar að ávextir og grænmeti í litlu magni séu skorin til helminga. Starfsleyfið nær ekki til dreifingar á kjöti, unnum kjötvörum og kjötafurðum til annarra smásala.
- Lögð fram umsókn Bhangra Veitinga ehf., kt. 410322-0800, dags. 7. mars 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingaverslun (Funky Bhangra Express) að Gnoðarvogi 44, F2022900, rými 01 0104. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Austurs 20 ehf., kt. 470920-2620, dags. 5. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Borg restaurant) að Pósthússtræti 9, F2002735, rými 01 0101 og kjallari, ásamt framleiðslu og undirbúningi matvæla fyrir Matbar, Hverfisgötu 22. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Menam Höfða ehf., kt. 500125-0710, dags. 7. febrúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingastofu (Mathöll Höfði - Menam Wok) að Bíldshöfða 9, F2043102, rými 01 0101, þar sem öll matvæli koma tilbúin til samsetningar og eldunar á staðinn. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Mathöll Höfða*.
- Lögð fram umsókn Ægis bars ehf., kt. 701222-1480, dags. 20. mars 2025, um tímabundið starfsleyfi fyrir veitingastað; krá með lágmarks matargerð (Ægir bar) að Laugavegi 2, F2004550, rými 01 0001 og 01 0102.  
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 20. júní 2025 með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Starfsleyfið

tekur til rekstrar á krá með lágmarksmatargerð, þar sem öll matvæli koma tilbúin á staðinn til upphitunar og framreiðslu.

7. Lögð fram umsókn Hagskyns ehf., kt. 620294-2099, dags. 7. janúar 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá (Litli Dubliner) að Frakkastíg 9, F2005091, rými 01 0101. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisiskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Á staðnum er eingöngu heimilt að spila lágstemmda tónlist. Rekstraraðili skal setja upp skilti utandyra með upplýsingum um að gestir veitingastaðarins skuli taka tillit til nágranna og ekki vera með háreysti. Óheimilt er að nota neyðarútgang sem reykingaraðstöðu.
8. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. nóvember 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 21. nóvember 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn ALVA Hotels ehf., kt. 680323-1430, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund; stærra gistiheimili (ALVA Hotel Brautarholt /22 Hill Hotel) að Brautarholti 22, F2012286 (rými 01 0001), F2012297 (rými 01 0301) og F2012290 (rými 01 0202).  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Gestafjöldi 110.
9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. mars 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 26. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Menam Höfða ehf., kt. 500125-0710, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Menam Wok) að Bíldshöfða 9, F2043102, rými 01 0101.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
10. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. febrúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 5. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Austurs 20 ehf., kt. 470920-2620, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Borg restaurant) að Pósthússtræti 9, F2002735, rými 01 0101 og kjallari.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
11. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. nóvember 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 5. nóvember 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Hagskyns ehf., kt. 620294-2099, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; krá (Litli Dubliner) að Frakkastíg 9, F2005091, rými 01 0101.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Á staðnum er eingöngu heimilt að spila lágstemmda tónlist. Rekstraraðili skal setja upp skilti utandyra með upplýsingum um að gestir

veitingastaðarins skuli taka tillit til nággranna og ekki vera með háreysti. Óheimilt er að nota neyðarútgang sem reykingeraðstöðu.

12. Lögð fram umsókn LPG Reykjavík slf., kt. 670317-1100, dags. 14. júlí 2023, um skráningu á nuddstofu (LPG Reykjavík) að Skipholti 50b, F2232015, rými 01 0102. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir nuddstofu*.
13. Lögð fram umsókn Ó.K. Gámaþjónusta-sorphirða ehf., kt. 550198-2159, dags. 23. janúar 2025, um skráningu á niðurrifi á húsnæði við Arnarbakka 2 og 4-6, L111585, mhl 01 og mhl 02, sbr. samþykta byggingarleyfisumsókn nr. USK25010260. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
14. Lögð fram umsókn Xyzeta ehf., kt. 641108-0490, dags. 27. mars 2025, um skráningu á niðurrifi á stigahúsi í húsnæði við Grettisgötu 20A, F2006218, rými 01 0101, sbr. samþykta byggingarleyfisumsókn nr. USK24050253. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
15. Lögð fram umsókn Xyzeta ehf., kt. 641108-0490, dags. 27. mars 2025, um skráningu á niðurrifi á stigahúsi í húsnæði við Grettisgötu 20B, F2006222, rými 01 0101, sbr. samþykta byggingarleyfisumsókn nr. USK24060181. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
16. Lögð fram umsókn S.O.S. Lagna ehf., kt. 470597-2409, dags. 25. mars 2025, um skráningu á niðurrifi á asbeststamma á jarðhæð og 1. hæð húsnæðis við Litlagerði 14, F2036346, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

17. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 19. mars 2025, um starfsleyfi fyrir sambýli (Sambýlið Mýrarási) að Mýrarási 2, F2046136, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir sambýli*.
18. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 13. mars 2025, um starfsleyfi fyrir sambýli (Sambýlið Grundarlandi) að Grundarlandi 17, F2037349, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir sambýli*.
19. Lögð fram umsókn Húðarinnar skin care ehf., kt. 510817-0600, dags. 16. júlí 2023, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu sem veitir snyrtimeðferðir og meðferð með fylliefnum (Húðin skin clinic) að Skipholti 50b, F2232015, rými 01 0102. Flutningur í nýtt húsnæði.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
20. Lögð fram umsókn Vape me ehf., kt. 681223-0960, dags. 18. mars 2025, um leyfi til tóbakssölu (Vape me) að Brautarholti 20. Nýtt leyfi.  
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

### **Fundi slitið kl. 09:58**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson